




Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Hagaborg

2022 – 2023



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

1 Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
Virðing – Vinátta - Hugrekki	3
2 Greinargerð leikskólastjóra	3
3 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022	4
4 Innra mat	8
4.1 Innra mat Álfalands	8
4.2 Innra mat Krítalands fyrir veturinn 2022-2023	8
4.3 Innra mat Putalands veturinn 2022 til 2023	9
4.4 Innra mat Fiskalands fyrir veturinn 2022 til 2023	10
4.5 Innra mat Fuglalands fyrir veturinn 2022-2023	11
5 Innra mat sérkennslu	12
5.1 Innra mat – fjöltyngd börn	13
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	14
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	14
8 Foreldrasamvinna	15
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	15
10 Fylgigögn	17
10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	17



Virðing – Vinátta - Hugrekki

2 Greinargerð leikskólastjóra

Skólarið 2021-2022 var óvenjulegt í Hagaborg. Heimsfaraldurinn setti mikið strík í allt starfið okkar. Hólfaskiptingar voru við lýði allt fram að páskum. Loka þurfti deildum vegna smita og börn og starfsfólk fór í sóttkví. Í nóvember urðu svo leikskólastjóra skipti í Hagaborg. Ólafur Brynjar Bjarkason hvarf til annarra starfa innan borgarinnar og undirrituð tók við. Fyrst til afleysinga en var svo fastráðin þann 1. júní 2022.

Með hækkandi sól var hólfun afnumin, starfsfólki, foreldrum og börnum til mikillar ánægju. Samskipti og samstarf á milli hópa bæði innan og utan leikskólans fóru aftur í hefðbundið form. Foreldraviðtöl vorannar fóru fram í Hagaborginni að þessu sinni en ekki í gegnum fjarfundarbúnað.

Faglegt starf var unnið á deildum en heimsfaraldurinn olli því að hver deild var meira sér en venja er hér í Hagaborg. Nokkuð vel gekk að vinna með kennsluaðferðina „Leikur að læra“ á deildum en því miður urðum við að fella niður foreldraverkefnið í fataklefa vegna heimsfaraldursins. Smiðjudagar eru haldnir reglulega yfir skólaárið en nú voru smiðjurnar inni á hverri deild í stað blöndunar í öllu húsinu. Í vor gátum við þó haldið smiðjudag þar sem allar deildir settu upp þrautabrautir og hver hópur fór á milli deilda og í gegnum þrautabrautirnar. Þá var eftir tveggja ára hlé haldin vorhátíð með foreldrum. Það var vel mætt og mikið spjallað. Á fyrsta föstudegi hvers mánaðar höldum við öðruvísi dag en þá völdu börnin á milli mismunandi þemu. Það sem fékk flest atkvæði í öllu húsinu varð fyrir valinu. Vasaljósadagur, bókadagur, hattadagur eru dæmi um hvað valið getur staðið á milli. Á sumrin erum við með sumarval á miðvikudögum og svo Hagaborgarhlaup alla föstudaga. Við höfum verið með þróunarstarf síðast liðna tvo vetur þar sem tónlistverkefni er liður í að innleiða Menntastefnu Reykjavíkur inn í Hagaborg. Við munum halda áfram næsta vetur og nú er ætlunin að koma efninu sem safnast hefur á aðgengilegt form fyrir allt starfsfólk.

Breyting varð á opnunartíma Hagaborgar á skólaárinu og er hann einn af fimm leikskólum í borginni sem er opin til kl. 17. Þá var Hagaborg einnig valinn til að vera einn af þremur leikskólum í Reykjavík til að hafa opið allt sumarið. Í ár lokar Hagaborg frá 4. – 29. júlí en á sama tíma opnar Sumarleikskólinn Hagaborg. Börn hvaðan æfa úr borginni geta sótt um vistun í honum. Í ár verða tvær deildir opnar í húsinu á þessum tíma.

Til stendur að stækka húsnæði Hagaborgar næsta vetur með því að setja aukahús á lóðina með rými fyrir 28-30 börn. Þá hefur aðeins verið skipt um gler hér og sprungur sprautufylltar.

Stytting vinnuvikunnar og lengri undirbúningstími hefur verið krefjandi verkefni í vetur auk allra veikindanna vegna heimsfaraldursins, flensunnar og óviðráðanlegra forfalla. Reynsla síðasta vetur mun eflaust nýtast okkur vel og verða okkur gott leiðarljós inn í næsta vetur.

Stafræn umbreyting er nú að eiga sér stað hjá Reykjavíkurborg. Gera má ráð fyrir að undirritun skjala verði rafræn að mestu hér eftir. Þá verða núverandi heimasíður lagðar niður og nýjar opnaðar.

3 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Endurmat á stundaskrá/ dagskipulagi	Á skertum starfsdegi vegna óveðurs og umræður á deildum	Starfsmenn	Mismunandi var eftir deildum hvernig gekk að fara eftir dagskipulaginu. Mannabreytingar og skortur á afleysingu á undirbúningstímum helsta ástæðan. Tækifæri til umbóta -að deildir aðstoði meira hverja aðra varðandi afleysingu vegna undirbúningstíma. Ræða á stjórnenda-teymisfundum einu sinni í mánuði hvernig gengur.
Endurmat á kennslustefnunni „Leikur að læra“	Á skertum starfsdegi vegna óveðurs og umræður á deildum	Starfsmenn	Vegna Covid féllu foreldraverkefni nær alveg niður í vetur. Yngsta deildin er ekki að vinna með LAL vegna ungs aldurs. Vel gekk að vinna samkvæmt kennslustefnunni á tveimur deildum af fjórum. Tækifæri til umbóta- fá deildastjóra til að aðstoða hvorn annan meira varðandi skipulagningu. Ræða á stjórnenda-teymisfundum einu sinni í mánuði hvernig gengur. Erum LAL leikskóli og því eigum við að fylgja því sem þar er lagt upp með. Vera með LAL meira útvið á morgnanna
Endurmat á vináttuverkefni Barnaheilla	Á skertum starfsdegi vegna óveðurs og umræður á deildum	Starfsmenn	Vináttuverkefnið gekk nokkuð vel á öllum deildum. Yngsta deildin hefur ekki unnið markvisst með Blæ bangsann sjálfan en hugmyndafræðin er notuð í samtölum við börnin. Tækifæri til umbóta – setja markmið fyrir hvern mánuð á hverri deild.
Endurmat á hópastarfi - markmið og leiðir	Á skertum starfsdegi vegna óveðurs og umræður á deildum	Starfsmenn	Misjafnlega eru unnið með hópastarf á hverri deild. Ekki allir með skýr markmið með hópastarfinu né hvernig á að vinna það. Tækifæri til umbóta – að leikskólinn skilgreini hópastarfið í leikskólanum og útbúi heilstæð markmið fyrir leikskólann
Endurmat á útiveru	Á skertum starfsdegi vegna óveðurs og umræður á deildum	Starfsmenn	Allir sammála um mikilvægi útverunnar. Farið er út a.m.k. einu sinni á dag. Elsta deildin er dugleg að fara í vettvangsferðir en það mæta bæta í hjá öðrum deildum. Tækifæri til umbóta -ekki láta veður stoppa sig (nema brjálað sé) og fleiri vett-vangsferðir.
Endurmat á frjálsum leik	Á skertum starfsdegi vegna óveðurs og umræður á deildum	Starfsmenn	Frjálsa leikurinn er í hávegum hafður hér í Hagaborg og gert ráð fyrir honum í dagskipulaginu. Tækifæri til umbóta – fræðsla um sjálfsprottinn leik, kveikjur og umhverfi leiksins



Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Viðhorfskönnun starfsmanna	Viðhorfskönnun á netinu.	Starfsfólk í Hagaborg.	Þessi könnun var ekki alveg samanburðarhæf við kannanir fyrri ára vegna heimsfaraldursins. Í flestum þáttum er lítil breyting, heldur þó uppá við nema í einum þætti. Áreitni, einelti og fordómar. Ljóst er að grípa þarf til aðgerða og hafa fræðslu og umræður um þessi mál á komandi vetri.



Umbótaáætlun leikskólans 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Á- byrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Móttaka nýrra starfsmanna	Bæta móttöku nýrra starfsmanna	Að fylgja stefnu Rvk. við móttöku nýrra starfsmanna Gæta þess að nýr starfsmaður fái handleiðara	Stjórnendateymi.	Ágúst 2022	Maí 2023	Niðurstöður úr viðhorfskönnun starfsmanna 2023.	Að meðalskor í viðhorfskönnun verði hærra árið 2023 en 2022 í þessum þætti.
Stytting vinnuvikunnar	Að deildastjórar hafi yfirsýn yfir sína deild.	Að festa hvern starfsmann á ákveðin tíma.	Deilda- stjórar	Ágúst 2022	Júní 2023	Reglulega rætt við leikskólastjóra um hvernig gengur.	Að deildastjórar skipuleggi styttingu fyrir sína deild og sín á milli.
Veikindi	Að minnka fjarvistir vegna veikinda	Viðverustefna Reykjavíkurborgar	Leikskóla- stjóri	Ágúst 2022	Maí 2023	Taka saman fjarvistir vegna veikinda fyrir hvern mánuð.	Að veikindadögum / prósentu hafi minnkað frá maí 2022
Uppeldis- og menntastarf							
Sjálfspróttinn leikur	Að efla þekkingu sjálfspróttins leiks fyrir alla starfsmenn	Fyrirlestrar, umræður á deildum og fræðsluefni. Skoða umhverfið, kveikjur og hvernig við komum að leiknum.	Stjórnendateymi	Ágúst 2022	Maí 2023	Setjum fram markmið í hverjum mánuði um að hverju skal stefnt. Bæði myndrænar og skriflegar skráningar. Rætt á stjórnendateymisfundum mánaðarlega	Að aðstaða til sjálfspróttins leiks hafi náð þeim markmiðum sem sett voru. Að starfsfólk þekki til sjálfspróttins leiks.
Menntastefnan	Að innleiða Menntastefnuna enn frekar	Að fylla út gátlista Menntastefnunnar	Stjórnendateymi	Septem- ber 2022	Maí 2023	Gátlistar sameinaðir og settir inn rafrænt. Farið yfir á starfsmannafundi. Umræður og eftirfylgni.	Að markmið Menntastefnunnar verði reglulega í umræðunni.



Mannauður/ Leikskólabragur							
Þróunarverkefni í tónlist	Að starfsfólk taki meira þátt í tónlistarstundum.	Að starfsfólk fái þekkingu og efnivið til að vinna með af sjálfsdáðum.	Verkefnastjóri þróunarstarfs og deildastjórar	Septembar 2022	Maí 2023	Fá verkefnisstjóra mánaðarlega á fund með stjórnendateymi. Kynna námsefni sem til er.	Að til sé námsefnabanki sem allir geti nýtt sér.
Fræðsla um einelti, áreitni og fordóma	Að starfsfólk verði meðvitaðri um talsmáta sinn og virðingu í garð annarra	Að starfsfólk fái úrræði til vinna eftir	Leikskólastjóri og allt starfsfólk	Sept. 2022	Nóv. 2022	Fá fyrirlestur á starfsdegi.	Að hafa gögn og myndefni (plaköt) sýnileg. Halda umræðunni gangandi
Hópefli	Að efla samvinnu og hópefli	Á starfsdögum	Leikskólastjóri	Septembar 2022	Maí 2023	Samvinnuleikir	Meta hvort starfsmenn er tilbúnir til þátttöku.
Innra mat							
Námskrá	Að endurskrifa hluta af námskránni	Endurskrifa þá kafla sem þarf að uppfæra miðað við endurmat síðasta skólaárs	Leikskólastjóri	Ágúst 2022	Desember 2022	Umræðum á fundum stjórnendateymis og deildarfundum	Metum hvort að námskráin lýsi starfinu í raun.
Innra mat	Markvissar skráningar	Kynna möguleika á skráningum innra mats fyrir stjórnendateymi	Leikskólastjóri	Ágúst 2022	Maí 2023	Stjórnendateymi hefur átt reglulega umræður og valið hvað henti best fyrir næsta vetur	Að stjórnendateymi sé sammála um hvaða / hvernig skráningar skuli viðhafa næsta vetur fyrir innra mat..



4 Innra mat

4.1 Innra mat Álfalands

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Samskipti við börnin	Að auka ég skilaboð	Hafa þau sýnileg og minna á hvert annað á	Allir bera ábyrgð og allir framkvæma	Janúar 2022	Maí 2022	Hvaða aðferðir á að nota? Rýnihópar á deildarfundum og starfsdögum. Taka upp brot í daglegu starfi og skoða	Hvernig samskipti barnanna eru og hvernig þau tala saman og samskipti starfsmanna
Hópastarf	Fá alla starfsmenn til að taka þátt	Hafa sýnilegt hvað er hægt að gera í hópastarfi	Allir bera ábyrgð og allir framkvæma	Janúar 2022	Maí 2022	Rýnihópar á deildarfundum og starfsdögum	Fylgjast með framförum barnanna t.d. í fínhyfingum og skoða hvernig þau tala saman um hópanna
Samskipti við starfsfólkið	Auka ég skilaboð	Tala saman, láta vita ef eitthvað er ekki gott	Allir bera ábyrgð og allir framkvæma	Janúar 2022	Maí 2022	Viðtöl, rýnihópar á deildarfundum og starfsdögum	Fylgjast með samskiptum starfsfólks og allir bera ábyrgð

4.2 Innra mat Krílalands fyrir veturinn 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Leikur að læra	Hafa LAL einu sinni í viku. Fylgja vikulegum plönnum. Gera skipulag mánuð fram í tímann.	Skiptum niður ábyrgð, framkvæmd og skipulagi tímana. Hver aðili skipuleggur tvær vikur í senn.	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn.	Sept.22	Maí'23	Setjum niður áætlun og merkt við hvaða stigi er lokið hverju sinni.	Að börnin þekki sína stafi, grunnliti og ákveðin form á vorönn.
Blær	Setja einn aðila sem hefur umsjón með Blæ einu sinni í viku.	Setja niður áætlun fyrir mánuð í senn hvaða þema er hverju sinni	Einn starfsmaður eða deildarstjóri	Sept.22	Maí'23	Áætlun mánuð í senn og merkt við hverju sinni.	Að börnin læri um allskonar tilfinningar, viðbrögð við þeim og vináttu.
Sjálfsprottinn leikur	Minni stýring á hvað þau eiga að leika með.	Leyfa þeim oftast að velja hvað þau vilja leika með.	Allir á deildinni taka þátt.	Sept.22	Maí'23	Hafa valið meira myndrænt svo þau geti valið sjálf. Koma því inn í dagskipulag.	Meira sjálfstæði og lýðræði barna.
Hópastarf	Að hópastarf verði breytt í sköpun/myndlist.	Hafa ákveðinn tíma fyrir sköpun. Vinna meira með frjálsa sköpun í stað skipulags föndurs.	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn.	Sept.22	Maí'23	Safnað saman vinnu vetrarins. (Sumt fer í möppu).	Sjálfsprottinn sköpun barnanna sjálfrá.



4.3 Innra mat **Putalands** veturinn 2022 til 2023

UMBÓTAPÁTTUR/MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðfe rðir?	Viðmið um árangur
Samskipti og Vináttu / Blær	Auka kynningu á samskiptum barna, virðingu fyrir öðrum og jákvæðum samskiptum við að byggja upp sameiginlegan leik	Fylgjast betur með vináttuverkefninu, vera meira með börnunum og kenna þau að leika .	Deildarstjóri í samvinnu við aðra á deildinni	Septem ber	Maí	Könnun og safna gögnum	Á næsta skólaári ætlum við að skoða og meta hvernig til tókst við endurmat.
Umgengni og Sjálfbærni	Kynna almennar hegðunarreglur. Efla áhuga á að fræðast um heiminn í kringum okkur, örva ímyndunaraflíð	Innri reglur og útireglur, hvetja börnin að fara eftir þeim , t.d. taka til leikföngum, að henda rusli í ruslið, að kenna börnunum sjálfstætt að hafa hreint í kringum sig.	Deildarstjóri í samvinnu við aðra á deildinni	Septem ber	Maí	Könnun og safna gögnum	Á næsta skólaári ætlum við að skoða og meta hvernig til tókst við endurmat.
Heilbrigði og velferð	Hvetja til að lifa heilbrigðum lífsstíl og líða vel í daglegu lífi.	Að gefa börnum fleiri tækifæri til að nota öll skilningarvit sín til að tjá sig og uppgötva heiminn, stjórna hlutum, snerta og sjá. Spyrðu opinna spurninga og birtu hluti. Stuðla að mikilli hreyfingu í LAL verkefnum og útivist.	Deildarstjóri í samvinnu við aðra á deildinni	Septem ber	Maí	Könnun og safna gögnum	Á næsta skólaári ætlum við að skoða og meta hvernig til tókst við endurmat.



4.4 Innra mat **Fiskalands** fyrir veturinn 2022 til 2023

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Vináttuverkefni / Blær	Að fara markvissara yfir efnið og fylgja skipulagi.	Fylgja skipulagi sem þegar er til. Vera tilbúin að breyta skipulagi ef það er eithvað sem hópurinn þarf að taka fyrir.	Dóri	Sept '22	Vor '23	Merkt inn á skipulag þegar búið er að fara í ákveðna þætti. Skráning á hvað er gert í hverjum tíma.	
Sköpun - Listræn	Stefnt er að því að börnin fái markvissari kennslu í sköpun.	Að þeim er sýnt grunn aðferðir til að koma hugmyndum úr kollinum niður á blað, eða í leir eða með þann efnivið sem er unnið með.	Dóri – Mögulega þórir, vitum ekki hverjir verða á deildinni.	Sept '22	Vor '23	Safnað er gögnum með myndrænum hætti til að sjá hvar börnunum hefur farið fram í sköpun.	Sjá viðauka um sköpun.
Vinna og skipulag á deild.	Að fylgja skipulagi og setja niður skýra verkaskiptingu starfsfólks	Að plan sé gert bæði með starf og skipulag eins og þrif, tuskur og hópaseta og fleira.	Dóri	Sept '22	Vor '23	Skipulag gert og kvittað í.	

Sköpun

Aðal markmiðið er að kennsla í henni verði markvissari og að börnin stýri ferðinni. Með öðrum orðum að börnunum sýndur grunnur að því hvernig þau geta komið sinni hugsun á blað, leir eða skúlptúr. Myndir teknar af sköpun þeirra. Kennarar verða virkir í að koma inn í þegar verið er að lita- leira og vinna með börnunum spyrja hvað þau vilja gera og aðstoða þau í því að skapa það. Markvist verður unnið með fjölbreyttari efnivið, t.d. eins og jarðleir, ýmiskonar málningu, lím og fleira



4.5 Innra mat **Fuglalands** fyrir veturinn 2022-2023

UMBÓTAP ÁTTUR/ MATSPÁTT UR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferð ir?	Viðmið um árangur
LAL	Halda áfram á sömu braut, salur. Skipulagðar stundir í sal einu sinni í viku og stafainnlögn þó örar en verið hefur. Eins að hafa markvissara LAL í útiveru, alla vega framan af hausti.. Áframhaldandi þróun á útikennslu.	Við ætlum að gera tilraun með að skipta útiverunni í tvennt einu sinni í viku og hafa þá útikennslu.	Deildarstjórar Starfsfólk deildarinnar	September	Mái	Með skráningu og reglulegum deildarfundum.	
Útivera	Okkur langar að gera tilraun með að skipta útiverunni þannig að einn hópur fari út fyrir hádegi og hinn eftir hádegi.		Starfsfólk deildar	September		Endurmetum í janúar	
Hópastarf	Í staðinn fyrir hópastarf með föstum hópum langar okkur að hafa það meira flæðandi. Þ.e. að hafa alltaf eitthvað skapandi í boði á allavega tveimur borðum og börnin hafa meira valfrelsi um hvað þau gera í hópastarfi.		Deildarstjórar og starfsfólk	September	Mái		



5 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2021-2022

Skipulagning sérkennslu 2021-2022 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Börn með stuðning voru í fyrsta sæti og fengu skipulagða einkatíma og/eða aðstoð inni á deild. Öll tvítýngd börn fengnu skipulagða málörvunarstundir. Tékklistar voru notaðir eftir hverja kennslustund og voru reglulega uppfærðir.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	TRAS, MÍÓ, Hljóm2, Efi, íslenski málhljóðalistinn, ABLIS-R
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Ýmis gögn, verkefni, spil og smáforrit voru notuð. Sum aðkeypt.

Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Börn sem þess þurfa fá meiri stuðning inni á deild	Fjármagn sem fylgir barninu sé nýtt til að efla starfskraft inni á deildinni. Starfsmaður sé með barninu á þeim tímum sem barnið þarf mest á stuðningi að halda.	Sérkennslu- stjóri og leikskóla- stjóri	Haust 2022	Des 2022	Áætlað hvenær barnið þarf á stuðningi að halda. Skráð hvort barnið fékk þann stuðning.	Að börnin fá starfsmann með sér þann tíma sem stuðningur þeirra segir til um.

5.1 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2022

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Starfsmaður í 50% starfi sér að miklu leiti um málörvunarstundir fjöltyngdra barna. Öll fjöltyngd börn á leikskólanum fá a.m.k eina skipulagða málörvunarstund á viku.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Orðaforði fjöltyngdra barna er reglulega skráður og markvisst unnið með hann. Við höfum notað gefðu 10 nokkrum sinnum í vetur eftir þörfum.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Já með reglulegum málörvunarstundum, bæði í einkakennslu og í hópastarfi, oft í bland við tónlist.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Allar framfarir í máli eru skráðar. Nokkur mismunandi matstæki hafa verið notuð fyrir fjöltyngdu börnin, en aðeins börn með stuðning hafa fengið einstaklingsáætlun.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	TRAS matslistinn og HLJÓM-2 mælir stöðu barnanna í þessum þáttum. Í deildarstarfinu er þess gætt að öll börn fái sitt pláss og að rödd þeirra heyrst.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Mæla framfarir barnanna markvisst.	Nota verkfæri á borð við íslenska málhljóðalistann, ABBLS eða annað.	Allir sérkenn- arar sem sinna málörvun.	Haut 2022	Des 2022	Allar framfarir skráðar um leið.	Að framfarir hafa verið merktar reglulega yfir veturinn	Að mæla hvort framfarir hafi orðið frá fyrstu mælingu



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Vegna leikskólastjóraskipta var ekki um eiginleg starfsþróunarsamtöl að ræða. Tekin voru örsamtöl í apríl og maí við alla starfsmenn þar sem farið var yfir sumarleyfisóskir, næsta vetur og almennt um líðan í starfi.

Á starfsdögum í mars og apríl fengum við fyrirlestra á vegum Reykjavíkurborgar.

Sá fyrri var frá Miðju Máls og læsis um hvernig á að lesa fyrir börn og jafnframt var nýliðafræðsla fyrir nýja starfsmenn á eftir. Sá seinni var um skapandi umhverfi og umhverfi sem áskorun. Fyrirlesari var Kristín Hildur Ólafsdóttir.

Þá fór einn starfsmaður á fagnámskeið 1 og 2 frá Eflingu sem Mímir heldur.

Á starfsdegi í maí fengum við hópefli og fræðslu frá Þekkingarmiðlun.

Með leikskólastjóraskiptum koma ávallt aðeins aðrar áherslur. Næst komandi vetur munum við halda áfram með kennslustefnuna „Leikur að læra“ og Vináttuverkefni Barnaheilla. Þá munum við einnig beina sjónum okkur meira að sjálfsprottnum leik og umhverfi hans. Við höfum verið með þróunarverkefni í tónlist síðustu tvo vetur og í vetur er ætlunin að útbúa námsefnispakka og að starfsmenn taki meiri þátt í tónlistarstundunum. Þá munum við einnig skoða leiðir til innra mats.

Leitast verður við að fá frekari fyrirlestra um sjálfsprottinn leik og umhverfi hans. Þá mun verkefnastjóri þróunarstarfs vera með fyrirlestur á starfsdegi.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Vegna Covid hefur lítið verið um samstarf milli leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva í vetur.

Í stað þriggja heimsókana í Melaskóla var ein slík á dagskrá nú í maí þar sem:

- Frístundaheimilið Selið var heimsótt
- Bókasafn Melaskóla var heimsótt
- Íþróttatími í íþróttahúsi Melaskóla

Þá bauð Melaskóli væntanlegum skólabörnum í Melaskóla í kennslustund í heimastofu 1. bekkjar í lok maí.



Samstarf við Hagaskóla

- Nemandi frá Hagaskóla hefur verið hér í vetur í atvinnutengdu námi
- annað samstarf hefur legið niðri vegna Covid m.a. heimsóknir á „Degi íslenskrar tungu.“

Í síðustu starfsáætlun var áætlað að vinna við að formfesta skil á milli skólastiga á milli leikskóla í hverfinu og Melaskóla myndi klárast. Vegna Covid varð það ekki raunin. Skólastjóraskipti urðu í Melaskóla nú á vordögum og munum við funda í haust varðandi næsta vetur.

8 Foreldrasamvinna

Foreldrasamstarf var heldur óvenjulegt á síðasta skólaári vegna Covid en þrátt fyrir það var foreldrafélagið mjög virkt í leikskólanum. Þau studdu vel við bakið á okkur við ýmis tilefni, svo sem jólasveinaheimsókn, jólaleikrit og heimsókn krakkahesta í vor. Sumarhátíðin var haldin í byrjun júní og var vel sótt af foreldrum. Loksins máttum við hittast öll.

- Foreldrafélag samanstendur af fjórum foreldrum og hvetjum við alla foreldra til að taka þátt á foreldrakynningum í september.

Foreldraráðið hefur séð um yfirllestur á helstu skjöl er varðar skólastarfið í Hagaborg, s.s. starfsáætlun, leikskóladagatal og starfsdaga skólaársins.

- Þrír foreldrar eru í foreldraráði og kosið er í september um nýja fulltrúa í ráðinu.

Foreldraviðtöl

- Þau fara fram tvisvar á skólaárinu. Á haustönn fara þau fram um mánaðarmótin október/nóvember. Á vorönn fara þau fram í apríl.

Foreldrafundir

- Í september fara fram foreldrakynningar í sal skólans. Þá er foreldrum hvernar deildar boðið að koma kl. 8:30 og sitja kynningu frá leikskólastjóra, deildarstjóra og sérkennslustjóra.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar verða sem hér segir:

22.9.2021 – Leikskólaráðstefna / undirbúningur fyrir vetrarstarfið

25.01.2023 – Yfirllestrar og þróunarstarfið

11.4.2023 – Endurmat / undirbúningur fyrir foreldraviðtöl

17.5.2023 - Námsferð

19.5.2023 – Námsferð



F. h. leikskólans Hagaborgar

Erna Guðlaugsdóttir

1. júlí 2022

Leikskólastjóri

Dagsetning

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2022 – 2023 **Leikskólinn Hagaborg**

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Claudia Overesch

Theodór Ingi Ólafsson



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



Umsögn foreldraráðs:

Umsögn foreldraráðs vegna starfsáætlunar Hagaborgar 2022/2023

Síðasti vetur var krefjandi líkt og sá sem þar á undan kom enda heimsfaraldur enn í fullum gangi auk þess sem innleiðing styttingar á vinnuviku reyndi á ýmislegt. Okkur fannst leikskólinn og starfsfólkið standa sig vel á þessum krefjandi tímum enda gekk bylgja covid-veikinda yfir leikskólann í byrjun árs. Vonandi hefur þessi Covid grýla kvatt okkur fyrir fullt og allt og það megi sjá fram á eðlilegt leikskólastarf næsta vetur með öllum þeim heimsóknum og foreldra-þátttöku sem venjulega eiga sér stað.

Eins leiðinlegt og það var að sjá eftir Ólafi leikskólastjóra til annarra starfa þá var það ánægjulegt að fá Ernu inn í hans stað og höfum við fulla trú á því að hún skili góðu starfi líkt og forveri hennar.

Varðandi breytingar á opnunartíma - við teljum að þær séu til bóta enda er þá komið til móts við foreldra sem ekki hafa kost á því að sækja fyrr en eftir 16:30. Sama má segja um sumaropnun leikskólans. Það eru ekki allir foreldrar svo heppnir að geta skipulagt sumarfrí sitt eftir því hvenær leikskólinn er lokaður og því er það frábært að þeir foreldrar geti valið um að taka fríð á öðrum tíma. Setjum hins vegar spurningarmerki við fyrirhugaða skerðingu leyfilegs dvalartíma niður í 8,5 tíma þó að ábyrgðin liggur auðvitað ekki hjá stökum leikskóla. En ljóst er að þetta mun setja marga foreldra í erfiða stöðu enda varla hægt að sinna fullri vinnu eða námi undir þessum kringumstæðum. Við hvetjum leikskólastjóran til að koma þessum áhyggjum á framfæri á viðeigandi stað.

Það verður spennandi að sjá hvernig til tekst með stækkun leikskólans og þessa nýju byggingu sem á að koma upp á lóðinni þó vissulega sé leiðinlegt að sjá leikskólalóðina minnka sem því nemur.

Ánægjulegt er að sjá að starfsmannavelta á Hagaborg er tiltölulega lítil, sem hefur jákvæð áhrif á andann sem ríkir í leikskólanum, líðan og öryggistilfinningu barna og samskipti milli starfsfólks og foreldra. Þrátt fyrir stærð leikskólans þekkja kennarar úr flestum deildum nöfn allra barnanna og öfugt. Virðing kennara fyrir börnunum og þörfum þeirra er augljóslega mikil og ekki fer milli mála að starfsfólkið, faglaert eða ófaglaert, leggur sig allt fram í að láta þeim líða vel.

Því finnst okkur mikilvægt að halda í þennan góðan starfshóp og jafnvel nýta kraftana þeirra enn betra, t.d. með því að hvetja til endurmenntunnar eða nota menntun en líka áhugamál þeirra í ákveðin sérverkefni.

Faglegt starf sem fer fram á deildunum er greinilega markvisst. Flott að sjá að mikil

áhersla er lögð á sköpun, tónlist, útivist og lýðræði barna fyrir komandi skólaár. Það er spurning hvort það mætti leggja enn meira áherslu á ákveðin þemu sem snerta samfélagslega þætti, t.d. í formi þemadaga eða vikna. Nú er hlutfall nemenda með erlendan bakgrunn orðið hátt, og mætti taka það sem sérstakt tækifæri að fræðast enn meira um heimshluta, ólík tungumál en einnig kynþáttafordóma eða mismunandi trúarbrögð. Það sama mætti segja um umhverfisvernd (t.d. sækja um Grænfánann), líkamsvirðingu, bæði hvað varðar eigin líkama og líkama annarra, kynvitund eða fatlanir. Hér má benda á það góða starfið sem unnið er í Vináttuverkefninu sem og sérkennslunni og mætti nota sem grundvöll fyrir sérstök þemu og þar með enn öflugri fordómafræðslu og -forvörn. Hagaborg býr þar yfir frábærum tækifærum sem þó væri upplagt að nýta enn betur.

Sérkennslan í Hagaborg er og hefur verið öflug og skilað miklum árangri. Við tökum undir með markmiðunum sem fram koma í starfsáætlun um að börn með samþykktan stuðning verði í forgangi hér og að fjármagnið sem þeim fylgir verði notað í þau.

Fjölgun fjöltyngdra barna gæti hins vegar kallast á auka fjármögnun í deildina svo hægt sé að sinna þeim eftir einstaklingsbundnum þörfum. Það er spurning hvort einn starfsmaður í 50% starfi nái að uppfylla því verkefni, einnig hvort markmiðin um einn skipulagðan tíma í viku á barn geti talist nægilegt. Hér gæti einnig leynst sú hættu að börn sem ekki falla undir þær skilgreiningar sem nefndar eru (þ.e. með samþykktan stuðning eða fjöltyngdan bakgrunn) en þyrftu samt á einhvers konar stuðningi að halda falli milli þilja.

Í heildinni séð lítum við á Hagaborg sem fyrirmyndarleikskóla þar sem starfið einkennist af virðingu, metnaði og ástríðu.

Claudia Overesch

Theodór Ingi Ólafsson



Leikskóladagatal 2022 - 2023

Nafn skóla:

Leikskólinn Hagaborg

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ	
1 M	Fridagur verslunarmanna	1 F		1 L		1 Þ	Foreldravíðtöl hefjast	1 F	Fúlveldisdagurinn	1 S	Nýársdagur	1 M		1 M		1 L		1 M	Verkaýðisdagurinn	1 F	Sumarhátíð
2 Þ		2 F		2 S		2 M		2 F		2 M		2 F		2 F		2 S	Pálmasunnudagur	2 Þ		2 F	
3 M		3 L		3 M		3 F		3 L		3 Þ		3 F		3 F		3 M		3 M		3 L	
4 F		4 S		4 Þ		4 F		4 S		4 M		4 L		4 L		4 Þ		4 F		4 S	Sjómánadagurinn
5 F		5 M		5 M		5 L		5 M		5 F		5 S		5 S		5 M		5 F		5 M	
6 L		6 Þ		6 F	Smíðudagur - um hvað?	6 S		6 Þ		6 F	Prettándinn	6 M	Dagur leikskólans	6 M	Þemavika um gildi	6 F	Skírdagur	6 L		6 Þ	
7 S		7 M		7 F		7 M	Vinavika í Hagaborg	7 M		7 L		7 Þ	Dagur tónlistarskólans	7 Þ		7 F	Föstudagurinn langi	7 S		7 M	Sumarstarf hefst
8 M		8 F	Dagur læsis	8 L		8 Þ	Baráttudagur gegn einelti	8 F		8 S		8 M		8 M		8 L		8 M	Umhverfispema hefst	8 F	
9 Þ		9 F		9 S		9 M		9 F		9 M		9 F		9 F		9 S	Páskadagur	9 Þ		9 F	
10 M		10 L		10 M		10 F		10 L		10 Þ		10 F		10 F		10 M	Annar í páskum	10 M		10 L	
11 F		11 S		11 Þ		11 F		11 S		11 M		11 L	Dagur íslenska táknmálsins	11 L		11 Þ	Starfsdagur*	11 F		11 S	
12 F		12 M	Foreldrakynningar í sal	12 M		12 L		12 M		12 F		12 S		12 S		12 M		12 F		12 M	
13 L		13 Þ		13 F		13 S		13 Þ		13 F		13 M		13 M		13 F		13 L		13 Þ	
14 S		14 M		14 F	Fjölskyldukaffi	14 M		14 M		14 L		14 Þ		14 Þ	Dagur stærðfræðinnar	14 F		14 S		14 M	
15 M		15 F		15 L		15 Þ		15 F	Jólabell og kaffi	15 S		15 M		15 M		15 L		15 M		15 F	
16 Þ		16 F	Dagur íslenskrar náttúru	16 S		16 M	Dagur íslenskrar tungu	16 F		16 M		16 F		16 F	Stærðfræðismiðjur	16 S		16 Þ		16 F	
17 M		17 L		17 M		17 F		17 L		17 Þ		17 F	Fjölskyldukaffi	17 F		17 M		17 M	Starfsdagur	17 L	Lýðveldisdagurinn
18 F		18 S		18 Þ		18 F		18 S		18 M		18 L		18 L		18 Þ	Barnamenningarhátíð hefst	18 F	Uppstigningardagur	18 S	
19 F		19 M	Þemavika um gildi	19 M		19 L		19 M		19 F		19 S	Konudagur	19 S		19 M	Smíðudagur	19 F	Starfsdagur	19 M	
20 L		20 Þ		20 F	Starfsdagur*	20 S	Dagur mannréttinda barna	20 Þ		20 F	Bóndadagur - Þorrlóti	20 M	Bolludagur	20 M		20 F	Sumardagurinn fyrsti	20 L		20 Þ	
21 S		21 M		21 F	Vetrarleyfi grunnskóla	21 M		21 M		21 L		21 Þ	Sprengidagur	21 Þ		21 F		21 S		21 M	
22 M	Aðlögun á milli deilda	22 F	Starfsdagur Leikskólaráðstefnu	22 L	Fyrsti vetrardagur	22 Þ		22 F		22 S		22 M	Óskudagur	22 M		22 L		22 M	Útskriftarferð	22 F	
23 Þ		23 F		23 S		23 M		23 F	Þorláksmessa	23 M		23 F	Vetrarleyfi grunnskóla	23 F		23 S		23 Þ		23 F	
24 M		24 L		24 M	Vetrarleyfi grunnskóla	24 F	Endurtundir á Fuglalandi	24 L	Aðfangadagur jóla	24 Þ		24 F	Vetrarleyfi grunnskóla	24 F		24 M	Foreldravíðtöl hefjast	24 M		24 L	
25 F		25 S		25 Þ	Vetrarleyfi grunnskóla	25 F		25 S	Jóladagur	25 M	Starfsdagur*	25 L		25 L		25 Þ		25 F	Útskrift	25 S	
26 F	Hugrekksleikar í garðinum	26 M	Evrópski tungumáladagurinn	26 M		26 L		26 M	Annar í jólum	26 F		26 S		26 S		26 M		26 F		26 M	
27 L		27 Þ		27 F	Aðgjðlegi bangsadaurinn	27 S		27 Þ		27 F		27 M		27 M		27 F		27 L		27 Þ	
28 S		28 M		28 F		28 M		28 M		28 L		28 Þ		28 Þ		28 F		28 S	Hvítasunnudagur	28 M	
29 M	Aðlögun hefst	29 F		29 L		29 Þ		29 F		29 S				29 M		29 L		29 M	Annar í Hvítasunnu	29 F	
30 Þ		30 F		30 S		30 M		30 F		30 M				30 F		30 S		30 Þ		30 F	
31 M				31 M	Hrekkjavaka /búningadagur			31 L	Gamlársdagur	31 Þ				31 F				31 M			

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.